

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXVIII. árgangur.

1. hefti.

1998

Föstudaginn 2. janúar 1998.

Nr. 509/1997.

Sævar G. Skúlason

(Kjartan Ragnars hrl.)

gegn

Kjötumboðinu hf.

(enginn)

Kærumál. Dómarar. Hæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 16. desember 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 18. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. desember 1997, þar sem Valtýr Sigurðsson héraðsdómari hafnaði kröfu sóknaraðila um að víkja sæti í málinu. Kæruheimild er í a-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að héraðsdómara verði gert að víkja sæti í málinu, svo og, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sér kærumálskostnað.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður ekki fallist á, að alveg sé næg ástæða til að verða við kröfu sóknaraðila um, að héraðsdómari víki sæti. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. desember 1997.

Mál þetta var höfðað fyrir dómnum með stefnu, birtri 12. júní 1997. Til efni málshöfðunarinnar er krafa stefnanda um greiðslu vangoldinna launa í uppsagnarfresti.

Í þinghaldi 4. desember sl. lagði lögmaður stefnanda fram bréf til héraðsdómara, dags. 18. nóvember sl., þar sem fram kemur krafa um, að dómari málsins víki sæti, með vísan til g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991. Í bréfinu segir: „Ég vísa til þinghalds, sem háð var í ofangreindu máli 10. nóvember sl. Í þinghaldi þessu létuð þér þau orð falla, að „verulega væri á brattann að sækja fyrir stefnanda“ í máli þessu. Jafnframt beinduð þér þeim tilmælum til mín sem lögmanns stefnanda, að ég felldi niður málið án kostnaðar, en lögmaður stefnda hafði gefið kost á þeim málalokum“.

Af hálfu lögmanns stefnanda er talið, að þessi ummæli feli í sér vanhæfi til að fara framvegis með málið. Leggur hann áherslu á, að ummælin hafi ekki fallið við sáttaumleitanir, heldur verið um að ræða ákveðin og fyrirvaralaus tilmæli til lögmannsins um að fella niður málið, án þess jafnvel að gagnaöflun hefði verið lýst lokið.

Í þinghaldi því, sem hér um ræðir, fór fram umræða um málsmeðferð, og í lokin innti dómari aðila málsins eftir því, hvort sættir væru hugsanlegar. Í ljós kom, að lögmennt aðila höfðu reynt að ná sáttum í málinu, og ítrekaði lögmaður stefnanda boð sitt um lyktir málsins með ákveðinni greiðslu. Af hálfu lögmanns stefnda var því hafnað. Dómari fór þá lítilla yfir gögn málsins og benti á, að ágreiningur væri um málsatvik og að framburður stefnda væri eftir því, sem fram kæmi í gögnunum, studdur vitnum. Lögmaður stefnanda benti þá á, að þau vitni væru starfsmenn stefnda. Í framhaldi innti dómari aðila eftir því, hvort til álita kæmi að fella málið niður án kostnaðar, og benti á, að verulega væri „á brattann að sækja fyrir stefnanda“ miðað við þau sönnunargögn, sem fyrir dómnum lögju. Því hafnaði lögmaður stefnanda.

Samkvæmt 3. tl. 101. gr. laga nr. 91/1991 ber dómara að fylgjast með máli í öllum atriðum og spyrja aðila um hvert það atriði, sem honum þykir óljóst og kann að hafa þýðingu. Samkvæmt 106. gr. sömu laga er fjallað um það, hvenær dómari leiti sátta í máli. Þótt dómari bendi í sáttaskyni á ólíka eða mismunandi stöðu aðila vegna þeirra sönnunargagna, sem lögð hafa verið fram, verður ekki talið, að unnt sé að draga af því þá ályktun, að hann hafi tjáð sig með þeim hætti um niðurstöðu málsins, að hann teljist hlutdrægur. Er kröfu stefnanda um, að dómari víki sæti samkvæmt g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991, því hafnað.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu stefnanda, Sævars G. Skúlasonar, að dómari málsins, Valtýr Sigurðsson héraðsdómari, víki sæti, er hafnað.
